



C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir)

Á uppráttum II og III er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins sem fela í sér hæðartakmarkanir á hvers konar mannvirkjum eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifsvæði þess. Með áhrifsvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletir þessir og skilgreining þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli.

Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppráttum II og III nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraráðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraráðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Samgöngustofu með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfissókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu áðalupprættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfissókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraráðili flugvallarins getur óskað eftir sérstökri áhættumatni vegna slíkra undanþágubeiðna sem unnin skal á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraráðila flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu Samgöngustofu. Stofnuninni skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraráðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíki afgreiðslu til ákvörðunar Samgöngustofu.

Samgöngustofa getur krafist Vísingar á fleiri byggingar telji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði eru skipulögð eða þegar ætlunin er að veita byggingarleyfi án þess að fyrir liggji skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara regna, skal ávallt leita umsagnar rekstraráðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraráðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Samgöngustofu.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

- Aðflugsfletir
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6,7). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.
- Flugtaksfletir
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50)
- Skálfletir
Liggja út frá öryggisvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3% (1:7) frá brún öryggisvæðis og upp að lárétta fletinum.
- Lárétt svæði
Svæði 68,3 m.y.s. sem nær í 4.000 m radius út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.
- Kelluflótur
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útrún lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.
- Land upp úr hindranafleti
Engin mannvirki heimil nema með samþykki rekstraráðila flugvallarins.

Reglur þessar voru auglýstar til kynningar og samhlíða athugasemdafrestir frá

5. október til 16. nóvember 2015

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

16. ágúst 2016

Dlöfnardal

Auglýsing um gildistöku regna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann

31. október 2016 og öðluðust þær gildi þann dag.

